

Deloitte.



**Staða mála og horfur –
ferðapjónustan spurð**

September 2016

MARKAÐSSTOFUR
LANDSHLUTANNA

Efnisyfirlit



Af hverju viðhorfskönnun?



Landslag ferðapjónustuaðila & stefnumótun



Spá ferðapjónustuaðila um ferðamannastraum



Rekstrarumhverfi ferðapjónustuaðila



Gagnaskil & virðisaukaskattsbreytingar



Samantekt

Af hverju viðhorfs-
könnun?

Ferðapjónustan hefur svo sannarlega vakið aukna athygli undanfarin ár

28. júlí 2016 kl. 23:22

Metin falla í ferðapjónustunni

Ferðamenn streyma sem aldrei fyrr til landsins og ljóst að enn eitt metið verður slegið í falla met á öllum stigum ferðamennsku, fjölda ferðamanna yfir árið, fjöldi í einstaka mánuði og sjálfsgöngu þegar kemur að eyðslu ferðamanna. Já, að öllu leyti blasir við að við íslendingar njóta einstakrar velgengni í ferðamenskunni.

En eins og oft áður sjá margir hin miklu velgengni í ferðapjónustunni sem vandamát. Jú þarf að takast á við margvislega þætti sem fylgja óneitanlega hinni miklu fjölgun. Og það ljóst að engin ein atvinnugrein mun hafa meiri eða djúpstæðari áhrif á þjóðina. Um það hér í almörgum þessum skrifara augljóst að Ólafur Ragnar Grímur

Þurfum að bæta bragðið

Þorsteinn Örn Guðmundsson segir nauðsynlegt að horfa til blöndu þeirra ferðamanna sem hingað til lands komi til að hámarka nýtingu innviðanna.

Ritstjórn ritstjorn@vb.is

Recommend Tweet

Hefur áhyggjur af stefnuleysi í ferðapjónustu

© 03.08.2016 - 12:12 innlent

f t g e



Váskipti | mbl | 2.9.2016 | 9:37 | Uppfært 9:59

Ferðapjónustan stærsti liðurinn



innlent 25. ágúst 2016 10:11

Þriðjungur fleiri heimsækja Vestfirði

Yfir sumarmánuðina heimsækja riflega þrefalt fleiri ferðamenn Vestfirði og Norðurland heldur en yfir vetrarmánuðina.



innlent 11. júní 2016 12:01

Verja þarf 100 milljörðum í vegakerfið

Skortur á innviðafjárfestingum er alþjóðlegt vandamál og ekki síst

Ritstjórn ritstjorn@vb.is

Föstudagur 29.07.2016 - 10:45 - Ummæli (3)

Íslendingar síður jákvæðir gagnvart erlendum ferðamönnum



Þeim Íslendingum sem eru jákvæðir í garð erlendra ferðamanna fækkar umtalsvert á milli kannanna.

Þetta kemur fram í könnun MMR. Alls sögðust 67,7 prósent jákvæðir gagnvart erlendum ferðamönnum nú samanborið við 60 prósent könnun sem gerð var í júlí í sem eru neikvæðir gagnvart ferðamönnum fjölgar úr 7,5



Leggja til frjálsa gjalddöku á ferðamannastöðum

Samtök atvinnulífsins telja hagkvæmstu leiðina til takmarka aðgengi ferðamanna og aflagta vera frjálsa gjalddöku.

Ritstjórn ritstjorn@vb.is

Recommend Tweet



FERÐAMENN ALMENNT ÁNÆGÐIR MEÐ DVÖL SÍNA Á ÍSLANDI

25.08.2016



Margir með „allt niður um sig“

Innlent | mbl | 11.8.2016 | 21:55 | Uppfært 12.8.2016 11:44



Það kemur því vart á óvart að búið er að skrifa mikið um stefnur og áherslur og safna miklu magni gagna

Markaðsátak



Stefnur & úttektir



Erlend ráðgjafavinna



Gagnaöflun & greiningar



Minna hefur þó farið fyrir því að ferðapjónustuaðilar sjálfir, vítt og breitt um landið, séu markvisst spurðir áhlits


Af þeirri ástæðu ákvað Deloitte, í samstarfi við Markaðsstofur landshlutanna, að standa fyrir viðhorfskönnun meðal einstaklinga í ferðapjónusturekstri þar sem þeir voru spurðir áhlits á stöðu mála og horfum í sinni atvinnugrein.

Það er mat Deloitte og Markaðsstofanna að það að draga reglulega fram viðhorf ferðapjónustuaðila sé lykilatriði í því að öll ákvarðanatataka sem varðar greinina í heild verði upplýstari, markvissari og líklegri til að bera ávöxt.

Viðhorfskönnunin var framkvæmd í maí síðastliðnum. Um var að ræða vefkönnun sem send var á 2.762 aðila en 548 aðilar svöruðu eða um 25% eftir að búið var að leiðrétta fyrir óvirkum netföngum.

Þessi kynning hefur að geyma ákveðnar meginniðurstöður viðhorfskönnunarinnar. Markmiðið er að framkvæma þessa könnun árlega og vonum við að það komi til með að nýtast í allri vinnu á sviði ferðapjónustunnar.


Svarendur eftir landshlutum



Landslag ferðapjónustuaðila & stefnumótun

Mengi svarenda gefur til kynna að ferðapjónustan samanstandi af mörgum smáum aðilum

Í hvaða grein ferðapjónustunnar starfar þitt fyrirtæki?



- Hótel / gistiheimili
- Afþreying
- Veitingastaður
- Ferðaskrifstofa / skipuleggjandi
- Fólksflutningar
- Söfn og listastofnanir
- Bílaleiga
- Annað

44% Voru með 1-19 mkr. í veltu 2015

18% Voru með 20-49 mkr. í veltu


7% Voru með yfir 500 mkr. í veltu

67% Voru með 1-5 starfsmenn árið 2015

16% Voru með 6-10 starfsmenn


1% Voru með 250 eða fleiri starfsmenn

Samsetning ferðapjónustuaðila á Íslandi er keimlík en þó er ákveðinn munur milli landshluta




Könnunin sýnir að hagsmunaaðilar geta unnið betur saman að uppbyggingu ferðaþjónustunnar

Starfa hagsmunaaðilar (opinberir og einkaaðilar) markvisst saman að uppbyggingu ferðaþjónustu í þeim landshluta sem fyrirtæki þitt hefur meginstarfsemi sína?





Samstarf hagsmunaaðila á Austurlandi og Norðurlandi virðist vera hvað mest en það virðist fremur skorta á Vesturlandi, Suðurlandi og höfuðborgarsvæðinu



Þá virðist vera samhljómur um að hið opinbera styðji ekki nægilega vel við innviði ferðaþjónustunnar þvert yfir landið


Styður hið opinbera nægilega vel við innviði ferðaþjónustunnar þvert yfir landið?

Ferðaþjónustuaðilar á Vestfjörðum og á Austurlandi eru hvað ósáttastir við hið opinbera, samanborið t.d. við ferðaþjónustuaðila á Reykjanesi



Um áherslur hins opinbera virðist vera samstaða um stóru myndina en svörin sýna þó ólíka stöðu og þarfir landshlutanna


Hvaða áherslupætti á hið opinbera að einblína á til uppbyggingar á innviðum ferðapjónustu?




	Vesturland	Suðurland	Höfuðborgarsvæðið	Reykjanes	Norðurland	Austurland	Vestfirðir
01	Aðgengi að og skipulagi ferðamanna-staða	Aðgengi að og skipulagi ferðamanna-staða	Aðgengi að og skipulagi ferðamanna-staða	Aðgengi að og skipulagi ferðamanna-staða	Dreifingu ferðamanna		Samgöngur á landi
02	Stefnumótun og langtíma-áætlun	Stefnumótun og langtíma-áætlun	Stefnumótun og langtíma-áætlun	Samgöngur á landi	Aðgengi að og skipulagi ferðamanna-staða	Samgöngur á landi	Dreifingu ferðamanna
03	Vetrarmál (t.d. mokstur og merkingar)	Umhverfismál	Umhverfismál	Umhverfismál / einfalda regluverk	Samgöngur á landi	Aðgengi að og skipulagi ferðamanna-staða / flugsamg.	Umhverfismál

Samstaða virðist vera meðal ferðapjónustuaðila um aukna gjaldtöku af ferðamönnum þótt svörin sé misafgerandi

Styður þú aukna gjaldtöku ferðamanna til uppbyggingar ferðamannastaða?




Ferðapjónustuaðilar á Austurlandi, Norðurlandi og Vesturlandi styðja einna helst aukna gjaldtöku, stærsti hluti þeirra sem eru því mótfallnir eru á Reykjanesi og á Vestfjörðum




Tæplega 80% horfa til ríkisins þegar kemur að aukinni gjaldheimtu til uppbyggingar ferðamannastaða

Styður þú aukna gjaldtöku ferðamanna til uppbyggingar ferðamannastaða? (Ef já, hvernig?)

Það eru helst ferðaþjónustuaðilar á Vesturlandi sem styðja gjaldtöku einkaaðila en samhljómur virðist vera um miðlæga lausn



- Miðlæg gjaldtöku á vegum ríkisins
- Skattheimta á vegum ríkisins
- Miðlæg gjaldtöku á vegum sveitarfélaga
- Gjaldtöku einkaaðila sem hafa aðgang að náttúruperlum
- Annað



- Gjaldtöku ríkis
- Gjaldtöku sveitarfélaga
- Annað
- Skattheimta ríkis
- Gjaldtöku einkaaðila

Þegar kemur að öðrum leiðum til aukinnar gjaldtöku eru svörin jafn fjölbreytt og þau eru mörg

Blanda af sköttum og aðgengi einstakra staða

Allt ofangreint

Gjaldtaka er nú þegar mjög mikil í gegnum skatttekjur o.fl. [...]

Sé alveg fyrir mér 2 kerfi, miðlægt og einka

Þeir sem hingað koma greiði veggjald, hingað koma bílar fullir af öllum vistum, þeir kaupa ekkert og greiða ekkert en nota þjónustu vegakerfisins.

Held að farsælast væri að hvert sveitafélag sæi um gjaldtöku á sínu svæði og uppbyggingu í samráði við landeigendur. Örugglega farsælla heldur en ef innheimtan væri á vegum ríkisins því alltaf verður eitthvað eftir í hítinni í Reykjavík.


Sé fyrir mér einfalt skilvirkt kerfi þar sem þar sem innheimtuaðilar eru fáir, þess vegna náttúrpassi, komugjöld, eða annað en ekki endalausar 100 kr. Innheimtur.

Eins og er í mörgum öðrum löndum t.d. Austurríki, Sviss...það hefur sannað sig og virkar vel.


Um 90% ferðapjónustuaðila telja að sveitarfélögin eigi að fá aukna hlutdeild í opinberum tekjum

Telur þú að hluti opinberra tekna af ferðapjónustu eigi að renna til sveitarfélaga?

Það eru helst ferðapjónustuaðilar á Reykjanesi, höfuðborgarsvæðinu og Vesturlandi sem eru á mótí auknum hlut sveitarfélaga



■ Já ■ Nei ■ Engin skoðun




■ Já ■ Nei ■ Engin skoðun

Spá ferðapjónustuaðila
um ferðamannastraum


Tæplega 9 af hverjum 10 ferðabjónustuaðilum telja að aukning verði í fjölda ferðamanna til síns landshluta næstu 12 mánuði

Hver er spá þín um ferðamannastraum til þess landshluta þar sem fyrirtæki þitt er með meginstarfsemi? (aukning, stendur í stað, samdráttur)



Að meðaltali gera ferðapjónustuaðilar ráð fyrir tæplega 22% aukningu ferðamanna til landsins í heild næstu 12 mánuði

Hver er spá þín um ferðamannastraum til þess landshluta þar sem fyrirtæki þitt er með meginstarfsemi? (aukningin í %)




Segja má að spá ferðapjónustuaðila sé við meðaltal þess sem greiningardeildir vænta




Heimildir: Arion Banki, Við erum öll í ferðapjónustu, september 2015; Landsbankinn, Ferðapjónusta, mars 2015; Íslandsbanki, Búumst við 35% fjölgun ferðamanna 2017, september 2016.

Það eru þó blikur á lofti, en ríflega þriðjungur telur að verðlag og gengi krónunnar muni helst hamla ferðamannastraumi

Hvað telur þú líklegt, ef eitthvað, að muni hamla frekari ferðamannastraumi til Íslands?




Ferðaþjónustuaðilar nefndu jafnframt aðra þætti sem gætu hamlað straumi ferðamanna




Rekstrarumhverfi ferðapjónustuaðila

Hátt í 60% ferðaðjónustuaðila telja frekar eða mjög líklegt að samþjöppun sé í kortunum

Hversu líklegt telur þú að samþjöppun verði meðal fyrirtækja í ferðaðjónustu á næstu 5 árum?




Það eru helst ferðaðjónustuaðilar á Reykjanesi sem sjá fram á samþjöppun á meðan aðilar á Suðurlandi eru frekar að horfa á óbreytt ástand



Flestir ferðapjónustuaðilar telja að samþjöppun verði á sviði hótela/gistiheimila


Hversu líklegt telur þú að samþjöppun verði meðal fyrirtækja í ferðapjónustu á næstu 5 árum? (Ef já, í hvaða grein ferðapjónustunnar?)




Heilt yfir ríkir sæmileg bjartsýni meðal ferðapjónustuaðila þegar kemur að horfum í rekstrarumhverfi þeirra næstu misserin

42% 

Telja að framboð af lánsfé sé hæfilegt, 27% of eða frekar lítið en 31% of eða frekar mikið

54% 

Sögðu framboð af hlutafé sé hæfilegt, 29% of eða frekar lítið en 17% of eða frekar mikið

85% 

Sjá fram á tekjuaukningu næstu 24 mán., þar af gera 22% ráð fyrir verulegri aukningu

48% 

Telja að stöðugildum muni fjölga, þar af 43% lítillega en 51% sér fram á óbreyttan fjölda

48% 

Vilja meina að þeir muni ráðast í fjárfestingar á næstunni, þó ákveðinn munur sé á milli landshluta



51% 

Telja að skuldsetning þeirra muni haldast óbreytt, 21% gera ráð fyrir lítillegri aukningu og 5% verulegri

Almennt telja ferðapjónustuaðilar að framboð af lánsfé sé hæfilegt en það er þó ólíkt milli landshluta


Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að eigi við um framboð á lánsfé fyrir ferðapjónustufyrirtæki?

Það eru fleiri ferðapjónustuaðilar á Reykjanesi, á Vestfjörðum og á Vesturlandi sem telja framboð lánsfjár of lítið heldur en of mikið




Svipaða sögu er að segja af framboði af hlutafé en fleiri ferðaþjónustuaðilar telji það þó vera lítið frekar en mikið

Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að eigi við um aðgengi ferðaþjónustufyrirtækja að hlutafé?




Að frátöldum ferðaþjónustuaðilum á Suðurlandi virðast kollegar þeirra annars staðar telja að framboð á hlutafé sé frekar of lítið en of mikið




Flestir ferðapjónustuaðilar gera ráð fyrir lítillegri aukningu tekna á næstu 24 mánuðum

**Hvernig telur þú tekjur í þínu fyrirtæki muni
þróast á næstu 24 mánuðum?**




Ferðapjónustuaðilar á Reykjanesi gera helst ráð fyrir verulegri tekjuaukningu en kollegar þeirra á Norðurlandi og Austurlandi sjá frekar fram á lítillega aukningu




Svipað er uppi á teningnum með þróun stöðugilda þar sem fleiri gera ráð fyrir lítillegri aukningu en verulegri

Hvernig telur þú að fjöldi stöðugilda muni þróast hjá þínu fyrirtæki á næstu 24 mánuðum?




Ferðaþjónustuaðilar á Reykjanesi, höfuðborgarsvæðinu og Vesturlandi gera frekar ráð fyrir aukningu í fjölda stöðugilda en að fjöldinn verði óbreyttur




Tæplega helmingur ætlar að ráðast í fjárfestingar en það er þó töluverður munur á einstaka landshlutum

Stefnir þitt fyrirtæki á fjárfestingar?





Það eru helst ferðaþjónustuaðilar á Vestfjörðum sem stefna á fjárfestingar en langfæstir á Austurlandi sbr. við hina landshlutana



Rétt ríflega helmingur ferðapjónustuaðila gerir þó ekki ráð fyrir aukningu skulda næstu 24 mánuði

Hvernig telur þú að skuldsetning þíns fyrirtækis muni þróast á næstu 24 mánuðum?

Ferðapjónustuaðilar á Vestfjörðum og Reykjanesi sjá helst fram á aukningu skulda en flestir sem sjá fram á samdrátt skulda eru á Austurlandi



Ástæðurnar fyrir hóflegum vexti og óbreyttum skuldum eru margvíslegar

Hvernig telur þú tekjur í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 24 mánuðum? (af hverju?)

Lítill vöxtur utan háannar

Breyttar áherslur á framboð

Vantar fjármögnun til stækkunar

Erfitt að fá verktaka í framkvæmdir

Lélegar samgöngur

Hvernig telur þú skuldsetningu þíns fyrirtækis muni þróast á næstu 24 mánuðum? (af hverju?)

Áhersla á niðurgreiðslu skulda

Of háir vextir


Fjárfestingum lokið í bili

Nota aukin ágóða til greiðslu lána ekki í aukna uppbyggingu


Breytingar fyrirhugaðar

Gengi krónunnar og kjarasamningar eru taldir veigamestu áhættuþættirnir í rekstri ferðaþjónustuaðila


Hvaða áhættuþættir hafa helst áhrif á rekstur þíns fyrirtækis á næstu 24 mánuðum?



Gengisáhætta er helsta áhyggjuefnið um allt land en orðsporsáhætta er einna helst áhyggjuefni á höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesi og Suðurlandi




Ferðapjónustuaðilar nefndu jafnframt margvíslega aðra þætti sem skapa áhættu í þeirra rekstri



Tæplega 2/3 hluti ferðapjónustuaðila telur umfang svartrar starfsemi vera mikið eða frekar mikið


Telur þú að umfang svartrar atvinnustarfsemi sé mikið eða lítið í ferðapjónustunni almennt?




Gagnaskil & virðisauka- skattsbreytingar

Þriðjungur telur gagnaskil til hins opinbera íþyngjandi og tæplega helmingur var undirbúinn fyrir VSK breytingarnar

Telur þú gagnaskil til opinberra aðila (t.d. Ríkisskattstjóra, Hagstofunnar) íþyngjandi eða léttvæg fyrir aðila í ferðapjónustu?




Varst þú undirbúin/n fyrir breytingar á virðisaukaskatti í ferðapjónustu sem tóku gildi nú um áramótin?



Flestir ferðapjónustuaðilar töldu að eitt hlutfall VSK ætti að vera í ferðapjónustu, en stór hluti telur VSK vera hæfilegan

Hvert er þitt viðhorf til virðisaukaskatts í ferðapjónustu?
Merktu við allt sem á við:



Óhætt er að segja að mjög skiptar skoðanir hafi verið með virðisaukaskattkerfið

Fyrir litla aðila þá er mjög íþyngjandi að þurfa að skrá sölu og skila inn skýrslum á virðisaukaskatti.

Mjög illa staðið VSK breytingum varðandi erlendar ferðaskrifstofur.

Sama virðisauka-
skattkerfi og á önnur
fyrirtæki

Gistináttaskattur mætti
missa sín.

Skyndiákvarðanir í
skattabreytingum eiga
ekki að líðast

Virðisaukaskattur ætti að
fara allur beint til
sveitarfélagsins.

Hann verður að nýtast til
uppbyggingar
ferðapjóstunnar.

þarf að endurskoða
virðisaukaskatt til
erlendra
ráðstefnuhaldara og
erlendra hvataferða

Það er verið að
mismuna varðandi
virðisaukaskatt þar
sem sumir í þessari
grein eru ekki að
borga skatt

Ferðapjónustan á að geta
treyst því að VSK sé
innheimtur á sanngjarnan
hátt og jafnt gangi yfir allar
þjónustugreinar. Alvarleg
undanskot varði við
stöðvun rekstrar.

Samantekt

Hinn „hefðbundni“ íslenski ferðapjónustuaðili* rekur gistiheimili/hótel og hefur helst áhyggjur af gengisþróun

Rekur gistiheimili/hótel

Var með 1-19 mkr. í veltu árið 2015 og 1-5 starfsmenn í vinnu, sér fram á lítillega aukningu tekna og stöðugilda næstu 24 mánuði

Stefnir ekki á fjárfestingar

Ætlar ekki að auka við skuldsetningu, telur gengisáhættu vera veigamesta áhættuþáttinn í sínum rekstri og að umfang svartrar starfsemi í ferðapjónustu sé frekar mikið

Telur samstarf hagsmunaaðila vera frekar markvisst

En telur hið opinbera styðja frekar illa við innviði ferðapjónustunnar og vill að gert sé betur í aðgengi/skipulagi ferðamannaástaða

Styður aukna gjalddöku

Til uppbyggingar ferðamannaástaða og telur að miðlæg skattheimta sé heppilegust til þess

Sér fram á 22% aukningu ferðamanna

Næstu 12 mánuði til landsins og um 20% aukningu ferðamanna í sínum landshluta

Telur líklegt að samþjöppun verði á næstu árum

Einna helst í sinni atvinnugrein, þ.e. gistiheimili/hótel og telur að framboð af lánsfé og hlutfé sé hvorki of mikið né lítið

* Hér er m.v. þá svarmöguleika sem fengu bestu svörun að meðaltali yfir alla landshluta

Deloitte.

Undir vörumerki „Deloitte“ sameinast kraftar þúsunda sérfræðinga sem starfa hjá sjálfstæðum félögum um allan heim við að veita viðskiptavinum þjónustu á sviði endurskoðunar, ráðgjafar, fjármála, áhættustjórnunar og skattamála. Þessi félög eru aðilar að Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), sem er breskt einkahlutafélag (private company limited by guarantee). Hvert aðildarfélag veitir þjónustu á tilteknu landssvæði og er bundið þeim lögum og fagreglum sem þar gilda. Félagið DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. DTTL og aðildarfélög þess eru aðskildir og sérgreindir lögaðilar sem ekki geta skuldbundið hvert annað. DTTL og aðildarfélög þess bera eingöngu ábyrgð á eigin gjörðum eða vanrækslu en ekki á aðgerðum hvers annars. Hvert aðildarfélag DTTL er skipulagt í samræmi við innlend lög, reglugerðir, viðskiptavenju og aðra þætti, og getur veitt sérfræðiþjónustu á starfssvæði sínu í gegnum dótturfélög, tengd félög, og/eða önnur félög.

Deloitte veitir bæði opinberum aðilum og einkafyrirtækjum í fjölmörgum atvinnugreinum endurskoðunar-, skatta-, ráðgjafar- og fjármálaþjónustu. Alþjóðlegt sérfræðinet Deloitte tengir saman sérfræðinga í 150 löndum þannig að saman fari ítarleg staðbundin þekking og alþjóðleg hæfni, viðskiptavinum til hagsbóta. Hjá Deloitte starfa um 200.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.

Þetta rit inniheldur almennar upplýsingar; með útgáfu þess eru aðilar að sérfræðineti Deloitte, þ.e. Deloitte Touche Tohmatsu Limited, aðildarfélög þess eða samstarfsfélög, ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða grípur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti. Enginn aðili í sérfræðineti Deloitte skal gerður ábyrgur fyrir tjóni sem kann að verða hjá þeim sem reiðir sig á þetta rit.